

Alþingi - Umhverfisnefnd

Hildur Eva Sigurðardóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 18. mars 2009
Mál nr. 0903007

Efni: Umsögn um 61. mál flutning verkefna til umhverfisráðuneytis

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og lögum um stjórn fiskveiða.

Við leggjumst alfarið gegn því að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu nái fram að ganga. Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að rannsóknir og stjórn á nýtingu þeirra auðlinda sem málið varðar sé betur fyrir komið ef hagsmunaaðilar koma þar ekki nærri. Þessi hugsun byggist á regin misskilningi enda eiga engir meira undir því að vel takist til um nýtinguna en þeir sem eiga allt sitt undir í þessu efni. Réttara væri að flytja ábyrgð á rannsóknum og nýtingu frekar til hagsmunaaðila en nú er.

Virðingarfyllst,



Friðrik Jón Arngrímsson,
Landssamband íslenskra útvegsmanna



Pétur Reimarsson
Samtök atvinnulífsins